

að þessir menn, sem þeir treystu og trúðu á, væri þá —*tuskur líka*, stæði miklu lægra, en þeir höfðu álitið.

Á yngri árum lékum vér oft leik, sem Skjaldborg nefnist. Æfir 15—16 menn slógu hring um einn, krækta saman olnbogum, svo að hvergi varð hlið á. Einn var svo inni í hringnum og átti að komast út. Hinir máttu hrinda honum og vildu oft berja hann með höfðunum og öxlunum og krækja hann með fótunum, en með höndunum máttu þeir ekki snerta hann. Þegar menn eru að berjast fyrir þessu málí voru, þá er eins og menn sé í skjaldborg, og reyni menn að hlaupa á skjaldborgarvegginn, þá standa á manni skallarnir og hnúturnar og feturnir, lyfti maður sér upp á axlir eins eða tveggja, þá er slegið um mann fótunum, maður er dreginu niður í hringinn og liggur þar undir fótum allra, en þeir hlægja dátt yfir sigri sínum. Svo þegar búið er að sparka hann nokkuð, sem inni er í skjaldborginni, þá sjá þeir aumur á honum og losa honum að komast upp. Byrjar svo allt aftur á sama hátt, þeir krafsa hann undir sig, stinga við honum öxlunum, slá hann með sköllunum, þangað til hann liggur flatur aftur, og verður loksins alveg uppgefinn, því það er mjög hart, að komast út úr skjaldborg, ef að harðsnúnir menn eru í hringnum. —

Eg segi yður það satt, að oft þegar eg hefi verið að reyna að fá einn eða fleiri menn eða hóp af mönnum í félag vort, þá hefi eg þegar í byrjun fundið þennan skerandi sting í hjartað, þennan nístandi helkulda fara um mig allan. Eg hefi orðið fyrir svo mörgum þessum árekstrum, að eg veit það vel, hverju er að mæta. Það má nú segja, að eg ætti að vera orðinn vanur við það. En mér finnst það einhvern veginn sárara, því oftar sem það kemur fyrir.

Það hefir oftlegra verið sagt, að málefni unitara væru í næsta blóma, þeir væri í uppgangi miklum og hefðu aldrei staðið betur en nú. Það getur vel verið, að svo sé, en mér finnst þeir hægfara. Í svona löguðum hreyfingum er fyrsti spretturinn vanalega harðastur, svo þurfa menn að blásá og hvíla sig. En bara að hvíldin verði þá ekki of löng, verði ekki að svefni, sem menn seint eða aldrei vakni upp af. Öllum félögum og fyrir-